

Fjármálaafurðir sem þessi upplýsingagjöf á við um:

Sands Capital US Select Growth Fund („sjóðurinn“) (LEI: 549300TSM1HBZMD4AE61)

(a) Samantekt

Þessi fjármálaafurð (þ.e. sjóðurinn) stuðlar að umhverfislegum eða félagslegum þáttum en hefur sjálfbærar fjárfestingar ekki sem markmið. Þeir umhverfislegu og félagslegu þættir sem sjóðurinn stuðlar að eru: (1) að minnka samanlagða losun gróðurhúsalofttegunda félaga í eignasafninu miðað við félög í vísitölunni Russell 1000 Growth Index („vísitölunni“); (2) regluleg samskipti við félög í eignasafninu sem kunna að stuðla að gagnsæi, breytingum og vitund hvað varðar umhverfismál, félagslegir þætti og stjórnarhætti („UFS“); og (3) að undanskilja fjárfestingar í útgefendum sem samræmast ekki tilteknum umhverfislegum og/eða félagslegum þáttum. Eftirfarandi er samantekt á þeirri fjárfestingaráætlun sem beitt er til að uppfylla umhverfislega og félagslega þætti sem sjóðurinn stuðlar að: (1) Sands Capital Management, LLC („fjárfestingastjórinn“) mun stjórna sjóðnum þannig að vegið meðaltal koltvísýringsstigs félaga í eignasafninu sem gögn liggja fyrir um hjá þriðja aðila sem sjóðsstjóri velur („gagnaveitendum“) sé minna en vegið meðaltal koltvísýringsstigs vísitölunnar samkvæmt mælingu á ársfjórðungsgrundvelli („mesta koltvísýringsstig miðað við viðmið“); (2) fjárfestingastjóri mun eiga í samskiptum um UFS (þ.e. samskiptum um áhættu og tækifæri félags hvað varðar UFS) við a.m.k. 35% af félögum í eignasafni sjóðsins á ári hverju; og (3) sjóðurinn mun ekki eiga fjárfestingar í útgefendum sem falla undir útilokanir vegna tekna, umdeilda vopna, tóbaks eða mannréttinda (samkvæmt lýsingu í hluta (d) hér að neðan og ásamt „UFS-útilokunum“). Fjárfestingarstjóri mun meta stjórnunarhætti þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.

Að minnsta kosti 90% af verðmæti hreinnar eignar sjóðsins munu samræmast einum eða fleiri umhverfislegum og/eða félagslegum einkennum sjóðsins. Sjóðurinn skuldbindur sig ekki til sjálfbærra fjárfestinga. Aðrar fjárfestingar sjóðsins fela í sér fjárfestingar og aðra gerninga sjóðsins sem ekki samræmast umhverfis- og félagslegum einkennum sjóðsins. Þetta getur til dæmis verið handbært fé og ígildi handbærs fjár. Engar af fjárfestingum sjóðsins falla undir flokkunarkerfi ESB. Sjóðurinn mun fyrst og fremst fjárfesta beint í félögum en kann einnig að fjárfesta óbeint í félögum.

Eftirfarandi sjálfbærnivísar eru notaðir til að mæla að hvaða marki hverjum ofangreindra umhverfislegu/félagslegu þátta hefur verið náð: (1) hlutfall vegins meðaltals koltvísýringsstigs félaga í eignasafni sjóðsins miðað við vísitöluna; (2) hlutfall félaga í eignasafni sjóðsins sem fjárfestingastjóri átti í samskiptum við vegna UFS og (3) hlutfall heildareigna sjóðsins sem samanstandur af félögum sem falla undir hverra af UFS-útilokununum (þar sem þetta eru útilokanir er gert ráð fyrir að þetta hlutfall sé í kringum 0%). Fjárfestingar mun (með bæði miðlægri stjórnun, reglufylgniteyrum og sjálfstætt með fjárfestingarsérfræðingum, eftir því sem við á) mæla fylgni við umhverfislega og félagslega þætti með því millibili sem var nefnt hér að ofan.

Eftirfarandi aðferðafræði er beitt til að reikna hvern sjálfbærnivísi: (1) í lok hvers ársfjórðungs verður (x), þágildandi meðaltali koltvísýringsstigs félaga í eignasafni sjóðsins sem gögn liggja fyrir um, deilt með (y), þágildandi meðaltal vísitölunnar, til að reikna prósentu meðaltalsins. Svo lengi sem prósentan er lægri en (y) telst sjóðurinn hafa uppfyllt þá umhverfislega þætti sem stuðlað er að; (2) við lok hvers almanaksárs verður (x), heildarfjölda félaga í eignasafninu sem

fjárfestingastjórinn átti í samskiptum við vegna UFS síðustu 12 mánuði, deilt með (y), heildarfjölda félaga í eignasafni sjóðsins síðastliðna 12 mánuði, til að reikna prósentuhlutfall félaga sem átt var í samskiptum við vegna UFS. Svo lengi sem prósentan hærri en 35% telst sjóðurinn uppfylla umhverfislega og félagslega þætti sem stuðlað er að og (3) fjárfestingastjóri mun hafa reglulegt eftirlit með þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í hvað varðar þröskuldi/viðmið um UFS-útilokanir sem fram koma í hluta (g) hér að neðan, og svo lengi sem farið er að þeim telst sjóðurinn uppfylla viðeigandi félagslega þætti.

Gögn sem fengin eru frá gagnaveitendum (þar á meðal tiltölulega lágt hlutfall áætlaðra gagna) verða notuð til að uppfylla umhverfislega/félagslega þætti í tengslum við skuldbindingu um mesta koltvísýringsstig miðað við viðmið og UFS-útilokanir. Fjárfestingarstjóri reidur sig fyrst og fremst á innri rannsóknargagnagrunn sinn til að uppfylla umhverfislega/félagslega þætti í tengslum við skuldbindingu um samskipti um UFS. Fjárfestingarstjóri kann að beita úrræðum á borð við samskipti við gagnaveitendur eða félög í eignasafninu til að tryggja gæði gagna.

Hvað varðar skuldbindingu um mesta koltvísýringsstig miðað við viðmið er ekki víst að gagnaveitandi eigi upplýsingar um vegið meðaltal koltvísýringsstigs fyrir alla útgefendur. Utgefendur sem ekki hafa vegið meðaltal koltvísýringsstigs, eða ef fjárfestingastjóri telur að gögn um útgefanda séu ónákvæm, eru útilokaðir frá útreikningi á vegnu meðaltali koltvísýringsstigs sjóðsins. Við útreikning vegins meðaltals koltvísýringsstigs félaga í eignasafni sjóðsins eru fyrirtæki sem gögn liggja ekki fyrir um útilokuð. Vægi annarra félaga eignasafnsins er þá jafnað upp að 100%, sem þýðir að vegið meðaltal koltvísýringsstigs félaga í eignasafninu sem gögn liggja fyrir um þarf að vera lægra en vegið meðaltal koltvísýringsstigs vísitölunnar. Meirihluti félaga í eignasafninu eru ekki útilokuð, þ.e. gögn liggja fyrir um þau hjá gagnaveitendum. Þannig telst þessi takmörkun ekki hafa áhrif á hvernig umhverfislegir þættir sem sjóðurinn stuðlar að eru uppfylltir.

Hvað varðar UFS-útilokanir er ekki víst að gagnaveitandi eigi viðeigandi gögn um alla útgefendur sem sjóðurinn fjárfestir í. Fyrir slíka útgefendur sem gögn liggja ekki fyrir um leggur fjárfestingastjóri mat á gögn frá öðrum uppruna sem hann telur áreiðanlegan og/eða styðst við innri rannsóknir og/eða áreiðanlegar forsendur.

Eftirfarandi er samantekt á þeirri áreiðanleikakönnun sem er framkvæmd til að uppfylla hvern umhverfislegan/félagslegan þátt: (1) ef fjárfesting í félagi úr geira sem þekkt er að losi töluvert meiri koltvísýring en aðrir er íhuguð mun fjárfestingastjóri greina möguleg áhrif á vegið meðaltal koltvísýringsstigs eignasafns sjóðsins í heild áður en fjárfest er í því til að tryggja að skuldbinding um mesta koltvísýringsstig miðað við viðmið verði ekki brotin vegna fjárfestingarinnar. Vegið meðaltal koltvísýringsstigs sjóðsins er greint á ársfjórðungsgrundvelli og borið saman við vísitöluna; (2) fjárfestingastjóri tekur tillit til allrar sjálfbærniáhættu sem hann telur viðeigandi (með áherslu á þá áhættu sem talið er að hafi veruleg áhrif) þegar hann tekur ákvarðanir um fjárfestingar og metur hana reglulega. Stuðst er við þetta við ákvörðun um hvort sjóðurinn muni fjárfesta í félagi sem býr yfir sjálfbærniáhættu, og ef svo er hvaða UFS-útgefendur henta fyrir samskipti við félagið og (3) reglufylgniteymi fjárfestingastjóra skimar allar fjárfestingar með tilliti til UFS-útilokunarviðmiða áður en sjóðurinn fjárfestir í þeim og reglulega eftir að fjárfest er.

Fjárfestingastjóri mun eiga í samskiptum um UFS við a.m.k. 35% félaga í eignasafni sjóðsins á ári hverju. Fjárfestingastjóri notar ekki samskiptasniðmát sem notað er fyrir öll félög í eignasafninu. Þess í stað leggur fjárfestingastjóri mat á þau mál sem gætu haft veruleg áhrif á fjárfestingar. Þegar við á mun fjárfestingastjóri leitast eftir skuldbindingu um bættu upplýsingagjöf eða breytta stefnu. Auk þess kann fjárfestingastjóri að minnka eða selja allan hlut sjóðsins í félagi í eignasafninu ef félagið getur eða vill ekki bregðast við UFS-áhyggjum fjárfestingastjóra.

Þegar tilkynnt er um verulegt sjálfbærnitengt álitamál fyrir eitt af félögunum sem sjóðurinn fjárfestir í mun greinandi yfirleitt gera greiningu og mat á álitaefninu til að ákvarða hvort það hafi áhrif á fjárfestingarkenningu eða trú á félaginu.